

Glundroði einkenndi svefn, mataræði og atferli barnanna: Kynjuð orðræða um fjölskyldulíf á tímum heimsfaraldurs



Menning



Heilsa



Samfélag

Efnisorð:

Mæðrun, COVID-19, sögulokaaðferð, stjórnvaldstæki nýfrjálshyggju, uppeldi

Rannsóknarteymi

- Auður Magnús Auðardóttir, doktorsnemi
- Annadís Greta Rúdólfssdóttir, dósent

Lýsing á rannsókninni

Rannsóknin notar póststrúktúralískt sjónarhorn til þess að skoða **orðræður um fjölskyldulíf, uppeldi og kynbundin einkenni þess á tímum skerts skólastarfs** vegna COVID-19. Á tímum heimsfaraldurs og skerts skóla- og tómsundastarfs barna er mikilvægt að við skiljum hvaða áhrif aðgerðir okkar hafa á jafnrétti kynjanna og fjölskyldulíf.

Aðferðafræði

Í rannsóknarverkefninu var gögnum safnað með **sögulokaaðferðinni**.

- Þátttakendum var úthlutað af handahófi byrjun á sögu sem lýsti annaðhvort móður eða föður tveggja barna á grunnskólaaldri á tímum skerts skólastarfs vegna COVID-19.
- Þátttakendum voru síðan beðin um að segja frá næstu dögum í lífi foreldrisins.
- Alls var **97 sögum safnað** í gegnum samfélagsmiðla á Íslandi þegar takmarkanir í samfélaginu voru sem mestar vegna COVID-19 vorið 2020.
- Þátttakendur voru **að mestu leyti háskólamenntaðar konur** en af þessum 97 sögum voru 14 karlar sem svöruðu. Mikilvægt er að lesa gögnin í því samhengi.
- Sögulokaaðferð hefur ekki mikið verið notuð héraendis en aðferðin er afar vel til þess fallin að festa fingur á orðræður og það á hvaða hátt fólk er mögulegt að skrifa og hugsa um það rannsóknaryfirbæri sem sjónun er beint að.
- Þar sem um skáldskap er að ræða eru þátttakendur frelsaðir undan því að þurfa að lýsa eigin lífi eða vera bundin af samfélagslega viðurkenndum svörum. Á sama tíma er skáldskapur alltaf grundaður í því þekktu og mögulega



Frá vinstri: Annadís Greta Rúdólfssdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. Mynd: Kristinn Ingvarsson

„Karl notar óspart hljóðdepmandi heymartól til þess að tryggja sitt eigið næði og rými. Hann fann þó fljótlega fyrir því að börnin kalla mun meira á mönnum sína en hann en þau hjónin tóku samtál um þetta um það bil viku inn í samkomubannið þar sem hún bað hann um að svara líka þegar þau kölluðu endalaust.“

Kona, 31-40 ára, meistargráða

„Krakkarnir missa þolinmæðina algjörlega og byrja að rífast. Anna fær engan vinnufrið. Kl 12:30 er allt húsið í drasli, barnaefni í gangi og bæði börnin í spjaldtölvunum. Þau reyna aftur á morgun, hugsar Anna á meðan hún skammast sín yfir því að eiga ekki jafnaúvelt með þetta og Helga sem setti inn mynd á samfélagsmiðla fyrr um morguninn og virtist hafa þetta allt saman á hreinu - húsið og nám barnanna.“

Kona, 31-40 ára, bakkalargráða

Niðurstöður

Þemur sem greina má úr sögum þátttakenda einkenast af **átökum á milli foreldrahlutverksins og atvinnuþáttöku** og skiptust þau að mestu í eftirfarandi fjóra flokka:

- Hið skipulagða foreldri sem heldur híbýlum hreinum og tekur mikinn þátt í viðfangsefnum barna sinna.** Í þessum sögum kom skýrt fram sú samfélagslega krafa um að mæður eiga að setja þarfr barna sinna ofar verkefnum sem tengjast launuðum störfum og að heimili ættu að vera hrein. Einkennandi var í þessum sögum að gerðar væru miklar kröfur á foreldra og þá sérstaklega mæður.
- Hvaða eiginleikar þykja æskilegir við að takast á við þessar aðstæður, svo sem agi og jákvæðni.** Í þessum sögum kom fram að tilteknum persónueiginleikum og viðmóti sé hampað umfram önnur og að gerður sé greinarmunur á þeim sem geta tekist á við móttætið sem fylgir breyttum aðstæðum án þess að upplifa bugun og neikvæða sjálfsmýnd í samanburði við aðra foreldra.
- Uppgjöf eða mótspyrna gagnvart samfélagslegum kröfum um hvað það felur í sér að vera gott foreldri.** Í sumum sögum kom fram að þau sem áttu í erfiðleikum með að standa undir samfélagslegum kröfum um hvað það er að vera gott foreldri stóðu frammi fyrir því að annaðhvort streitast á móti þessum hugmyndum eða gefast upp. Uppgjöf í því samhengi fólst þá í að stunda ekki heimilisþríf og leyfa börnum að horfa á sjónvarp eða stunda óæskilega hegðun án afskipta foreldra. Í þessum sögum kom auk þess fram að uppgjöf fylgdi skömm. Mótspyrna fól í sér ákveðna endurskilgreiningu á því hvað feist í að vera gott foreldri sem rúmar þá ákveðin slaka umfram skipulag og skýrt afmarkaða ramma.
- Hvernig faraldurinn dregur fram ólíka þáttöku mæðra og fedra í heimilishaldi.** Í þessum sögum kemur skýrt fram sú algenga upplifun og afstaða að konur séu sá aðili innan heimilisins sem ber hvað mesta ábyrgð á heimilishaldi og barnasinnu. Margar sögurnar endurspegluðu ákveðið vantraust til getu og vilja karlmanna til að axla ábyrgð á verkefnum sem bundin eru við heimilið og höfðu þar áherslu á að konur myndu standa fyrir þessum verkefnum.

Samantekt af áhrifaþáttum – Framlag til samfélags

- Þekking og höfðinglegur mikilvæga **innsýn inn í orðræður á tímum neyðarástands** vegna COVID-19 vorið 2020 en gögnum var safnað á meðan samkomutakmarkanir voru sem mestar.
- Gögnin **afhjúpa það með hvaða hætti þátttakendum var unnt að tala um fjölskyldulíf og álag** sem skapaðist vegna skerts skólastarfs og átaka á milli umönnunar barna og atvinnuþáttöku.
- Slík þekking er mikilvæg í sjálfu sér og getur nýst við **stefnumótun á sviði jafnréttismála**. Því hefur verið haldið fram að **jafnréttisstarf hafi um of einblínt á opinber störf en að jöfn þáttaka í heimilishaldi og uppeldi hafi fengið minni athygli undanfarna áratugi**. Þessi áhersla hafi svo skapað nær ómáttulegt álag á konur sem enn beri meginábyrgð á heimilishaldi auk þess að sinna launaðri vinnu.
- Rannsóknin sýnir fram á núning á milli þátttakenda, sem eru einkum háskólamenntaðar konur, og hins hefðbundna karls sem fyrirvinnu og tekur ekki ábyrgð á heimilisstörfum. Því er **þörf á að unnið sé með markvissari hætti að jafnari verkaskiptingu inni á heimilum**.
- Niðurstöður benda einnig til þess að mikilvægt sé fyrir okkur sem samfélag að horfast í augu við **hvaða kröfur við gerum til foreldra** og hvort þær séu svo miklar að þær komi niður á lífsgæðum foreldra og barna og möguleikum okkar til kynja jafnréttis.

Heimildir

- Auðardóttir, A.M., & Rúdólfssdóttir, A. G. (2020). Chaos ruined the children's sleep, diet and behaviour: Gendered discourses on family life in pandemic times. *Gender Work & Organization*. doi:10.1111/gwao.12519
- Jóhann Ólafsson. (2020, 21. ágúst). Undirliggjandi þirringur áberandi. MBL. Sótt frá https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/08/21/undirliggjandi_þirringur_aberandi/

Tengiliður: Auður Magnús Auðardóttir (ama@hi.is)



Heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna



Unnið samárið
2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS